

# Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í 20 ár

Rit gefið út í tilefni  
20 ára afmælis SSH



# Ávarp formanns SSH

Tilfni þessa rits er afmæli SSH og því ekki úr vegi að kynna samstarf og samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sl. 20 ár. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð 4. apríl 1976. Þá voru blendnar tilfinningar á meðal manna um markmið þeirra og tilgang. Í dag er ekki deilt um nauðsyn slíks samstarfs, en spurningin er ávallt hvernig og hve mikið það á að vera og hversu kostnaðurinn á að vera hár.

Markmið SSH er að beita sér fyrir og efla samstarf sveitarstjórnarmanna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það er m.a. gert með því að koma á fundum og ráðstefnum þar sem sveitarstjórnarmenn og embættismenn sveitarfélaganna fjalla um hina ýmsu málaflokka. Jafnhliða er lögð áhersla á að halda umfangi og rekstri SSH í lágmarki.

Í þessu riti er gerð tilraun til að varpa ljósi á nokkra þá helstu þætti í starfsemi SSH á þeim 20 árum sem samtökin hafa starfað. Einnig eru kynnt nokkur helstu samstarfsverkefni sveitarfélaganna, s.s. almenningssamgöngur (AV), samstarf um frágang og úrvinnslu sorps (SORPA) og margt fleira. Ljóst er að ekki verður öllum aðilum eða viðburðum gerð fullnægjandi skil, en von mín er hins vegar að rit þetta geti orðið að einhverju gagni og veki menn til umhugsunar um frekara samstarf sveitarstjórnarmanna í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Árni Hjörleifsson, formaður SSH




# Sögulegt yfirlit

Allt fram á seinni hluta nítjándu aldar var byggð í landinu dreifð tiltölulega jafnt um landið og höfuðstaður landsins var í Danmörku meðan hér réðu dönsk yfirvöld. Á svæði því sem nú nefnist höfuðborgarsvæði var ekki um þéttbýli að ræða á nítjándu öldinni nema í Reykjavík og Hafnarfirði, annað land var lagt undir landbúnað. Fyrsti vísir að þéttbýlinu varð þegar Skúli Magnússon landfógeti setti á stofn innréttingarnar í Reykjavík 1751. Ýmsar stjórnskipaðar nefndir á átjándu öldinni, sem fjölluðu um endurreisn landsins, lögðu til að á grunni innréttinganna skyldi byggður aðalverslunarstaður landsins, sem og var gert. Telst 18. ágúst 1786 stofndagur Reykjavíkur, en þann dag gaf Danakonungur út tilskipun um kaupstaði á Íslandi.

Eins og kunnugt er hefur vöxtur einkennt byggðina á höfuðborgarsvæðinu frá upphafi

*Hlutur höfuðborgarsvæðisins af íbúafjölda landsins.*




þéttbýlis, en mikill vöxtur alla tuttugustu öldina og síðan á sjöunda áratugnum hefur meira en helmingur þjóðarinnar búið þar. En ekki nóg með það heldur hefur landsvæði sem tekið hefur verið undir byggð aukist enn meir. Byggt landsvæði var um 300 hektarar skömmu eftir aldamótin síðustu en er yfir 5000 hektarar nú.

Reykjavík var fyrst sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu til að öðlast kaupstaðarréttindi 1786 en önnur sveitarfélög komu á eftir: Hafnarfjörður 1878, Kópavogur 1955, Seltjarnarnes 1974, Garðabær 1976 og Mosfellsbær 1987. Þegar kom fram á sjöunda áratuginn var sýnt að byggð sveitarfélaganna myndi renna saman innan skamms og því nauðsynlegt að samstarf yrði nánara. Meðal einstakra sveitarfélaga hafði verið allnáið samstarf á ýmsum sviðum og þá fyrst í kirkjumálum en síðar í skólumálum og einnig varðandi vatns- og hitaveitu. Einkum var samstarf Reykjavíkur og Seltjarnarness mikið er frá leið og er enn. Í skipulagsmálum varð samstarf um drög að svæðisskipulagi, sem gert var samhliða vinnu við aðalskipulag

## Formenn SSH

frá stofnun árið 1976

1	Stefán Jónsson, Hafnarfirði	1976-1978
2	Garðar Sigurgeirsson, Garðabæ	1978-1979
3	Markús Örn Antonsson, Reykjavík	1979-1982
4	Richard Björgvinsson, Kópavogi	1982-1983
5	Júlíus Sólmes, Seltjarnarnesi	1983-1986
6	Magnús Sigsteinsson, Mosfellsbæ	1986-1988
7	Lilja Hallgrímsdóttir, Garðabæ	1988-1990
8	Sveinn Andri Sveinsson, Reykjavík	1990-1994
9	Sigurður Geirdal, Kópavogi	1994-1995
10	Árni Hjörleifsson, Hafnarfirði	1995-



*Sveitarfélög á  
höfuðborgarsvæðinu.*

Reykjavíkur 1962-83. Á enn fleiri sviðum jókst samstarf þéttbýlissveitarfélaganna og að því kom að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð.

Stofnfundur SSH var haldinn í Hlégarði í Mosfellssveit, eins og sveitarfélagið hét þá, þann 4. apríl 1976 og voru stofnaðilar Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Bessastadahreppur og Kjalarneshreppur. Fyrsti

formaður samtakanna var kjörinn Stefán Jónsson úr Hafnarfirði. Árið 1985 bættist Kjósarhreppur við samtökin og stækkaði við það mjög flatarmál svæðisins sem þau náðu yfir og má sjá það á meðfylgjandi mynd.

Áður en Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru stofnuð voru starfandi Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, SASÍR, og náðu þau einnig til sveitarfélaga á Reykjanesi sunnan Hafnarfjarðar, en Reykjavík var



*Stjórn SSH 1995-1996. Frá vinstri Árni Hjörleifsson Hafnarfirði, Steinunn Valdís Óskarsdóttir Reykjavík, Kristján Finnsson Kjósahreppi, Arnór L. Pálsson Kópavogi, Jónas Sigurðsson Mosfellsbæ, Jóna Gróa Sigurðardóttir Reykjavík, Sigtryggur Jónsson Bessastaðahreppi, Erna Nielsen Seltjarnarnesi, Sigurður Geirdal Kópavogi, Laufey Jóhannsdóttir Garðabæ og Kolbrún Jónsdóttir Kjalarnesi. Á myndina vantar Valgerði Sigurðardóttur Hafnarfirði og Hilmar Guðlaugsson Reykjavík.*

ekki hluti þeirra samtaka. SASÍR hætti að mestu störfum þegar SSH voru stofnuð og skiptust verkefni milli SSH og Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, en SASÍR voru síðan formlega lögð niður 1982. Skipulagsmálin voru ofarlega í huga samtakanna frá upphafi og árið 1980 var ákveðið að stofna skipulagsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið, sem starfa skyldi undir sérstakri stjórn, sem aftur heyrði undir stjórn SSH. Frá starfi skipulagsstofunnar segir nánar í kaflanum um skipulags- og umhverfismál.

### **Stjórnskipun og nefndir**

Stjórn SSH er skipuð 12 mönnum, tveir fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og einn frá hverju hinna sveitarfélaganna. Stjórnin er kosin til eins árs á aðalfundi sem haldinn er í októbermánuði. Á vegum SSH starfar ein fastanefnd, Atvinnu-  
málanefnd. Þá eru stjórnunarleg tengsl við Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins. Einnig er starfandi umsjónarnefnd með akstri fatlaðra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þessara nefnda er í endurskoðun.



*Myndin er frá 10 ára afmæli SSH árið 1986 er fyrrverandi formenn samtakanna fengu að gjöf afsteypu styttunnar Veðrahallar. Frá vinstri: Stefán Jónsson, formaður 1976-1978, Markús Örn Antonsson 1979-1982, Júlíus Sólnes 1983-1986, Richard Björgvinsson 1982-1983 og Hulda Magnúsdóttir, en hún tók við styttunni fyrir hönd sonar síns Garðars Sigurgeirssonar sem var formaður 1978-1979.*

Stefnt hefur verið að því innan samtakanna að koma á samstarfi formanna nefnda sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Samstarf þetta hófst með fundum formanna heilbrigðisnefnda veturinn 1991-1992. Formenn og helstu starfsmenn skipulagsnefnda hófu samstarf haustið 1993. Nýlega hófu formenn umhverfismálanefnda og atvinnumálanefnda samstarf innan vébanda SSH á svipuðum nótum. Sérstök nefnd var skipuð til að gera tillögur um samstarf sveitarfélaganna í mállefnum grunnskólans og hefur hún starfað ötullega undanfarið.

Um verkefni og niðurstöður annarra nefnda er getið annars staðar í ritinu.

Á skrifstofu SSH starfar framkvæmdastjóri og tveir starfsmenn í hlutastarfi og hefur svo verið nokkur undanfarin ár. Skrifstofan hefur verið frá upphafi staðsett í Hamraborg í Kópavogi. Síðan 1991 hafa samtökin nýtt sameiginlega húsnæði með Almenningsvögnum bs.

# Stjórn- og byggðamál

## Samvinna landshlutasamtakanna

Landshlutasamtökin, sem eru átta talsins, hafa með sér talsvert samstarf um mörg mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni hjá þeim. Talsverður ávinningur er af samstarfi þessara aðila og nauðsynlegt er fyrir sveitarstjórnarmenn af höfuðborgarsvæðinu að hafa góð tengsl við starfsbræður sína í öðrum landshlutum og kynnast þeirra viðhorfum og kynna sín. SSH hafa haft einna mest samstarf við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem m.a. hefur hefur komið fram í gagnkvæmum heimsóknum sveitarstjórnarmanna af þessum svæðum.

## Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Stefna SSH, sem mótuð var á aðalfundi samtakanna árið 1992, um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, gerði ráð fyrir að grunnskóli,

hafnamál og málefni aldraðra yrðu alfarið flutt til sveitarfélaga. Ennfremur að málefni fatlaðra, framhaldsskólar, löggæsla, þjóðvegir í þéttbýli, sjúkrahús (án ríkisspítala) og heilsugæslustöðvar yrðu flutt til sveitarfélaga. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að tekjstofnar komi frá ríki til að sinna auknum verkefnum. Verkaskiptamálið var til umfjöllunar í stjórn SSH veturinn 1991-1992 og í sérstakri nefnd samtakanna sem skilaði álitinu sínu fyrir aðalfundinn haustið 1992.

Markmiðið með þessari verkefnatilfærslu er að sveitarfélögin hafi á höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og þar sem ætla má að að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri og ódýrari þjónustu.

## Sameining sveitarfélaga

Að mati aðalfundar samtakanna, sem haldinn var í Kópavogi árið 1992, er nauðsynlegt



*Aðalfundur SSH 1990 haldinn á Kjalarnesi. Í ræðustól er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem lengi var í stjórn SSH og formaður uppstillinganefndar vegna stjórnarkjörs á aðalfundum SSH. Fundarstjóri er Jón Ólafsson oddviti á Kjalarnesi, sem einnig sat í stjórn SSH um tíma.*



Á aðalfundi SSH 1989, sem haldinn var í Bessastaðahreppi, heiðraði forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, samkomuna með ávarpi. Formaður SSH, Lilja Hallgrímsdóttir þakkar forsetanum fyrir. Hilmar Guðlaugsson varaformaður SSH fylgist með.

að efla sveitarstjórnarstigið í landinu, þannig að sveitarfélögin verði betur í stakk búin til að sinna margháttaðum og auknum verkefnum. Fundurinn lagði áherslu á að ekki yrði staðið að sameiningu sveitarfélaga með lögþvingun, heldur fengi vilji íbúanna að ráða.

Í samræmi við ákvæði laga um sameiningu sveitarfélaga vorið 1993 var skipuð umdæmanefnd fyrir höfuðborgarsvæðið með aðild fulltrúa frá öllum sveitarfélögum á svæðinu. Samkvæmt lögnum bar nefndinni að koma með tillögur um sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Niðurstöður nefndarinnar voru þær að greiða skyldi atkvæði annars vegar um sameiningu Bessastaðahrepps og Garðabæjar og hins vegar um sameiningu Seltjarnarness, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps. Atkvæðagreiðsla fór fram laugardag-

inn 20. nóvember um allt land um tillögur allra umdæmanefndanna, en ein var skipuð í hverjum landshluta. Tillaga um sameiningu Bessastaðahrepps og Garðabæjar var felld í Bessastaðahreppi og tillaga um sameiningu Reykjavíkur og grannsveitarfélaga var felld í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Því kom



Aðalfundur SSH árið 1992 var haldinn í Félagsheimili Kópavogs. Sigurður Geirdal bæjarstjóri Kópavogs í pontu. Sigurður var formaður SSH 1994-1995.




ekki til sameiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Þessu átaki félagsmálaráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga var hrundið af stað í kjölfar tveggja skýrslna sem nefnd ráðuneytisins skilaði í september 1991 og í október 1993. Skýrslurnar fjölluðu um aukið hlutverk sveitarfélaga, þ.e. tillögur að flutningi verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og skiptingu landsins í sveitarfélög.

### Jöfnun atkvæðisréttar

Á aðalfundi samtakanna á Kjalarnesi árið 1990 var samþykkt að stefna bæri að jöfnun atkvæðisréttar allra landsmanna. Í kjölfar samþykktarinnar voru haldnir tveir fundir um



málið, sá fyrri í apríl árið 1991 og sá síðari rétt tæpum tveimur árum síðar.

## Vatnsveita Reykjavíkur

Vatnsveita Reykjavíkur er með elstu vatnsveitum landsins, stofnuð árið 1907. En það er ekki einungis að fyrirtækið sjálft standi á gömlum grunni heldur eru vatnsöflunarsvæði þess, Gvendarbrunnar, þekkt frá fyrri öldum. Gvendarbrunnar taka nafn sitt af Guðmundi góða Arasynði, sem var biskup á Hólum frá 1202 til 1237. Biskupstíð Guðmundar var vægast sagt stormasöm. Þá er hann ekki var í herkví í sínu eigin biskupsdæmi, fór hann fyrir föruflokkum á flakki um landið og vígði þá gjarnan vatnsból. Það var á þessum flökkuárum að leið Guðmundar lá um Elliðavatn og vígði hann lindirnar sem þar koma undan hrauni í landi Hólms. Heitir þar síðan Gvendarbrunnar. Því má með nokkrum sanni segja að ekki einungis komi heimsins besta vatn úr Gvendarbrunnnum, heldur er það vígt vatn í ofanálág.

Um 130 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu njóta vatns frá virkjunarsvæðum Vatnsveitu Reykjavíkur. Auk íbúa Reykjavíkur eru það íbúar Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar. Árleg notkun er um 24 milljónir rúmmetra. Þá er Gvendarbrunnvatni tappað á flöskur og það flutt á markaði erlendis.

Á síðustu árum hefur aðaláhersla fyrirtækisins verið að tryggja öryggi í vatnsöflun og dreifingu. Ný virkjunar-



svæði hafa verið tekin í notkun, s.s. við Myllulæk og í Vatnsendakrika. Vatnspörfin óx jafnt og þétt allt fram til ársins 1986 en þá var árleg vatnsnotkun um 30 milljónir rúmmetra. Eftir það fór markviss lekaleit og viðgerðir í dreifikerfinu að skila sér. Í heildina hefur vatnsnotkun minnkað á þessum 10 árum, þrátt fyrir töluverða fjölgun íbúa á þjónustusvæði fyrirtækisins.



*Frá Þingvallafundi í september 1993 í Valhöll á Þingvöllum. Fundur um byggða- og skipulagsmál á suðvesturhluta landsins, sameiginlega haldinn af landshlutasamtökunum á Suðurlandi, Vesturlandi, Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Sveinn Andri Sveinsson formaður SSH 1990-1994 er í ræðustól og aðrir á myndinni eru Guðjón Ingvi Stefánsson, Trausti Vals-son, Guðmundur K. Magnússon, Davíð Oddsson og Jónas Egilsson.*

Á vegum SSH var síðan gerð skoðanakönnun á hug almennings í landinu til jöfnunar atkvæðisréttar. Meira en helmingur allra sem svöruðu voru fylgjandi jöfnun atkvæðisréttar. Meirihlutafylgi var við jöfnun atkvæðisréttar innan allra stjórnmalaflokka og meðal íbúa utan Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæma. Athygli vakti að utan höfuðborgarsvæðisins voru fleiri hlyntir jöfnu vægi atkvæða en þeir sem voru á móti því. Að lokinni ráðstefnunni 1991 var gefið út sérstakt rit með framsöguerindunum og niðurstöðum skoðanakönnunarinnar.

### **Þingvallafundur**

Þann 11. september 1993 var haldin ráðstefna á vegum landshlutasamtakanna fjögurra á suðvesturhorni landsins á Þingvöllum, sem var kölluð Þingvallafundur. Á fundinum var meðal annars rætt um byggða-, skipulags-, samgöngu- og ferðamál í fjórðungunum og þá möguleika í svæðið sem heild hefur sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Alls voru haldin 17 erindi og ræður.



Frá aðalfundi SSH í Kjós 1994. Á myndinni eru sveitarstjórnarmenn frá Kjalarnesi og Reykjavík. Frá vinstri: Kolbrún Jónsdóttir, Ásgeir Harðarson, Alfreð Þorsteinsson og Arthur Morthens.


## Skipulags- og umhverfismál

### Svæðisskipulag

Allt frá stofnun samtakanna árið 1976 hafa skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins verið eitt af meginverkefnum þeirra. Fyrir stofnun skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins árið 1980 starfaði samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur og nágrennis undir stjórn Skipulags ríkisins, en nefndin starfaði slitrótt og var lögð niður 1982. Samvinnunefndin sinnti helst afmörkuðum málum, svo sem vegamálum og umferðarskipulagi framan af sjöunda áratugnum og nokkrum árum síðar var aðalviðfangsefnið staðsetning flugvallar á svæðinu. Skipulagsstofan, sem rekin var undir stjórn SSH, tók síðan við öllum verk-

*Forsíða greinargerðar svæðisskipulagsins.*

## SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGAR SVÆÐISINS 1985-2005



SAMTÓK SVEITARFÉLAGA  
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

OKTÓBER 1986



*Fundarhlé á aðalfundi SSH í Kjós 1994. Frá vinstri: Guðbrandur Hannesson, Kjós, Unnar Stefánsson, Samb. íslenskra sveitarfélaga og ritstjóri Sveitarstjórnarmála, Gylfi Guðjónsson, Mosfellsbæ og Árni Hjörleifsson, Hafnarfirði.*

efnum samvinnunefndarinnar ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem heyrðu undir heildstæða svæðisskipulagningu.

Þegar leið á áttunda áratuginn var byggðin víða vel á veg komin með að verða samfelld frá Grafarvogi í norðri að Hvaleyraholti í suðri. Þetta leiddi m.a. til þess að nauðsynlegt var fyrir sveitarfélögin á svæðinu að hafa samstarf um ýmis málefni, t.d. á sviði samgöngumála. Með stofnun SSH og síðar skipulagsstofunnar lýstu sveitarstjórnarmenn á svæðinu ótvírætt þeim vilja sínum að sveitarstjórnirnar sjálfar ynnu að skipulagi höfuðborgarsvæðisins, án afskipta ríkisins annarra en þeirra fylgdu er eðlilegu samstarfi við Skipulag ríkisins.

Stofnun skipulagsstofunnar 1980 markaði tímamót í skipulagsmálum svæðisins og jafnframt var ráðinn fyrsti starfsmaðurinn, Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræð-

ingur. Skipulagsstofan hafði svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem meginverkefni allt til þess að það var lagt fram á aðalfundi SSH í október 1986. Fjöldi starfsmanna á skipulagsstofunni á þessum árum var 4-5 manns, en jafnframt skipulaginu var sinnt verkefnum fyrir samtökin. Svæðisskipulagsvinnan var frá upphafi mest tengd upplýsingaöflun og var safnað miklu magni upplýsinga, sem stefnumörkun skipulagsins var síðan byggð á. Svæðisskipulagið hefur frá því að það var lagt fram verið til viðmiðunar við gerð aðalskipulagsáætlana sveitarfélaganna á svæðinu. Skipulagið var ekki formlega staðfest af ráðherra á sama hátt og aðalskipulag, þar sem ekki þótti rétt að binda hendur einstakra sveitarfélaga um of.

Nú, þegar tæpur áratugur er liðinn frá því svæðisskipulagið var lagt fram, hafa ýmsar forsendur breyst þó margt hafi á hinn bóginn staðist tímans tönn eða komið fram. Fólks-



*Frá heimsókn sveitastjórnarmanna af Suðurnesjum til höfuðborgarsvæðisins 27. sept. 1991. Myndin er tekin við mannvirki Vatnsveitu Reykjavíkur, Gvendarbrunna. Heimsóknir sem þessar milli landshlutasamtaka eru nauðsynlegur þáttur í samstarfi þeirra.*

fjölgun á svæðinu hefur orðið meiri en skipulagið gerði ráð fyrir. Reyndist íbúatala höfuðborgarsvæðisins í árslok 1995 um 158 þúsund, en var áætluð að hámarki um 152 þúsund um þau tímamót samkvæmt greinargerð svæðisskipulagsins. Margir voru á sínum tíma efins um að fólksfjölgun gæti orðið jafn mikil og framreikningurinn gerði ráð fyrir, en fjölgunin fór langt fram úr spám.

Eftir að skipulagsstofan var lögð niður um áramótin 1987-1988 hafa skipulagsnefndir sveitarfélaganna haft með sér samstarf og hefur það orðið formlegra með reglubundnum fundum formanna nefnda og embættismanna. Samstarfið fer aðallega eftir einstökum málaflokkum og eru nú starfandi fjórir

vinnuhópar, um umferðarmál, vatnsverndarmál, umhverfismál og frárennismál. Þá er samráðsnefnd hópanna starfandi milli funda formanna skipulagsnefndanna og stýrir borgarverkfræðingurinn í Reykjavík samráðsnefndinni.

### **Frárennismál**

Frárennismál höfuðborgarsvæðisins voru mestan hluta aldarinnar í hinum mesta ólestri, að minnsta kosti miðað við nútíma-kröfur um hreinlæti. Einungis tiltölulega strjál byggð kom í veg fyrir að ástandið við útrásir skólps yrði óbærilegt. Mælingar á mengun við fjörur á svæðinu voru gerðar á fyrri hluta áttunda áratugarins að tilhlutan

Reykjavíkurborgar. Þessar mælingar og fyrstu athuganir sýndu að ráðast þyrfti í afar kostnaðarsamar framkvæmdir í holræsamálu á svæðinu og að það yrði að gerast í samvinnu sveitarfélaganna. Árið 1974 hófu fjögur sveitarfélög samstarf á þessu sviði með skipun *Samvinnunefndar um frárennslismál á höfuðborgarsvæðinu*. Í nefndinni sátu fulltrúar frá Reykjavík, Kópavogi, Sel-tjarnarnesi og Garðabæ. Síðar bættust við fulltrúar frá Hafnarfirði, Kjalarneshreppi, Bessastaðahreppi og Mosfellsbæ.

Samvinnunefndin hélt marga fundi og lét rannsaka mengun sjávar á svæðinu á seinni hluta áttunda áratugarins en ekki var ráðist í sameiginlega áætlun um lausn á vandamálu vegna mengunar sjávar. Einstök sveitar-

félög höfðu þó komið fram með ákveðnar hugmyndir er þau sjálf varðaði. Öllum var þó ljóst að mengunin barst að einhverju leyti milli stranda sveitarfélaganna og að taka þyrfti á málunum sameiginlega, a.m.k. að fylgja samhæfðri áætlun um framkvæmdir.

Á fundi í stjórn SSH snemma á árinu 1981 var skipulagsstofu samtakanna falið að gera tillögur um langtímaáætlun fyrir frárennslismál á höfuðborgarsvæðinu. Voru tillögurnar unnar í samráð við samvinnunefndina um frárennslismál en einnig var haft samráð við aðra aðila, m.a. heilbrigðis- og náttúruverndarnefndir á svæðinu. Skipulagsstofan sendi frá sér tillögur um aðgerðir í desember 1981. Tillögurnar voru sendar til umsagnar og meðferðar aðildarsveitarfélaganna og hefur

## *Félagsheimilið Hlégarður*

*Félagsheimilið Hlégarður í Mosfellsbæ býður upp á allhliða veisluþjónustu í glæsilegum húsakynnum.*

*Fyrir nokkru var tekin í notkun viðbygging við húsið, sem hefur að geyma notalega setustofu og bar. Húsið er leigt út til almennra veisluhaldna og mannfagnaða hvers konar, bæði með og án veitinga. Fullkomið eldhús er í húsinu, og annar húsið á þriðja hundrað matargestum.*

*Framkvæmdastjóri og matreiðslumeistari er Vignir Kristjánsson, sími 566 6195.*



# SORPA

Fyrri hluta aldarinnar voru sorpmál á höfuðborgarsvæðinu fremur frumstæð, líkt og hefur verið til skamms tíma víðast um land. Þessi vanda-mál vegna förgunar sorps urðu fyrst áberandi í Reykjavík og 1952 var fyrsti sérstaki sorpbíllinn keyptur og sérstök sorpílát smíðuð. Allt sorp var urðað á haugum við Ánanaust og síðar í Gufunesi og var það ódýrasti kosturinn í meðferð sorps á þeim tíma.



*Athafnasvæði Sorpu í Gufunesi.*

Sorpeyðingarstöðin á Ártúns-höfða tók síðan til starfa 1958 og framleiddi m.a. skarna, sem notaður var til áburðar allt fram undir 1980. Á áttunda áratugnum var staða sorpmálanna endurskoðuð af fulltrúum Reykjavíkur og Kópavogs, sem hafði nýtt sér starfsemi stöðvarinnar með Reykjavík, og var talið að sorpvinnslustöðin hefði ekki náð þeim árangri sem til stóð. Á sama tíma var sorpi af suðurhluta svæðisins komið fyrir með því að urða það undir Hamarsnesi í landi Hafnarfjarðar. Var sá háttur hafður á þar til að til kom sameiginleg sorpvinnsla á höfuðborgarsvæðinu öllu að undanskildum Kjósarhreppi.

Undirbúningur að stofnun sameiginlegrar sorpvinnslu fyrir allt höfuðborgarsvæðið fór af stað með stofnun nefndar þéttbýlissveitarfélaganna á svæðinu undir forystu borgarverkfræðingsins í Reykjavík. Tillögur um stofnun byggðasamlags í eigu sveitarfélaganna lágu fyrir á árinu 1988 og formleg stofnun Sorpu, eins og félagið heitir nú, var 15. febrúar 1988.

Sorpa rekur sorpvinnslu sem flokkar og meðhöndlar sorp frá íbúum og fyrirtækjum á svæðinu, auk þess að urða það á Álfsnesi. Einnig rekur Sorpa móttökustöðvar fyrir alls konar úrgang á sjö stöðum á höfuðborgarsvæðinu og ennfremur starfrækir félagið móttöku fyrir hættuleg spilliefni og sér um eyðingu þeirra. Magn það af sorpi sem fer í vinnslu hjá félaginu er um hundrað þúsund tonn á ári eða sem svarar 70 kg á hvern íbúa. Hjá Sorpu starfa 50-60 manns.

# SORPA



*Magnús Sigsteinsson lokar formlega fjárheldri girðingu um höfuðborgarsvæðið haustið 1987. Athöfnin fór fram á Fossvöllum við Suðurlandsveg. Magnús Sigsteinsson var formaður SSH árin 1986-1988.*

verið að verulegu leyti farið eftir þeim í framkvæmdum á undanförunum árum.

Samstarf sveitarfélaganna á svæðinu í frárrennismálum fer nú fram aðallega innan vinnuhóps um frárrennismál, sem getið er um í kaflanum um skipulagsmál, og er gatnamálastjórinn í Reykjavík formaður hópsins.

### **Girðing um höfuðborgarsvæðið**

Eitt af verkefnum SSH frá því að skipulagsstofan tók til starfa var að vinna að friðun byggðarinnar fyrir ágangi búfjár, en hvert það svæði sem tekið hafði verið til skógræktar eða annarra nota þurfti að girða sérstak-

lega. Á árinu 1983 var stofnuð nefnd til að gera tillögur um gerð og legu girðingar um höfuðborgarsvæðið, sem halda ætti sauðfé utan við svo þéttbýlisbúar gætu haft garðlönd sín og annan gróður í friði.

Eftir langan undirbúningstíma þar sem sætta þurfti fjölmörg sjónarmið margra aðila var svo fallist á þá tilhögun að reisa girðinguna á fjórum árum og þær girðingar sem fyrir voru í eigu opinberra aðila yrðu uppistaðan í þessari nýju girðingu. Rúmlega 36 kílómetra löng ný girðing var reist og tengist girðingum sem fyrir voru samtals um 32 kílómetrar. Framkvæmdir hófust sumarið 1984 og lauk haustið 1987. Umsjón allra framkvæmdanna



var í höndum nefndar SSH en Skógrækt ríkisins tók að sér verkið undir verkstjórn Kristins Skæringssonar, skógarvarðar. Kostnaður við að reisa girðinguna var á verðlagi ársins 1987 rúmar 15 milljónir, eða svipað og að byggja stórt einbýlishús. Viðhald hefur verið verulegt á ári hverju, eins og við er að búast, og hefur að mestu verið falið Skógræktinni þó aðrir hafi einnig komið þar að.

Auk þess að reisa girðinguna þurfti að samræma allar reglur og reglugerðir um lausagöngu búfjár í sveitarfélögunum sem málið vörðuðu svo réttarstaða manna og búpenings væri augljós. Var frá þeim málum gengið á árunum 1987-88 og hefur ríkt góður friður um búfjárhald á höfuðborgarsvæðinu síðan þá.

### **Merkt framlag til umhverfismála**

Það hefur verið venja að SSH veiti á árlegum aðalfundi einhverjum aðila eða aðiljum, einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum á svæði samtakanna viðurkenningu fyrir merkt framtak í umhverfis-, útivistar eða skipulagsmálum. Fyrsta veiting slíkrar viðurkenningar var árið 1984 og fékk þá stjórn Bláfjallafólkvangs viðurkenningu fyrir merkt framlag til umhverfismála og mikið samstarf sveitarfélaga. Þeim sem hlýtur viðurkenninguna gefið myndverk eftir Hallstein Sigurðsson, sem ber heitið *Veðrahöll*.

Á næstu síðu getur að líta lista yfir þá aðila sem hlotið hafa viðurkenningu á umliðnum árum og fyrir hvað.

## *Kjalarneshreppur*

Íbúar í Kjalarneshreppi eru nú 502. Á síðustu árum hefur verið vaxandi áhugi fólks á að setjast að í hreppnum. Þetta sést best á lóðaúthlutunum og húsum í byggingu. Nú eru 17 íbúðir í byggingu í hreppnum, búið er að úthluta 12 lóðum fyrir einbýlis- og parhús sem byggð verða á næstunni og óafgreiddar eru umsóknir um lóðir fyrir 23 íbúðir í raðhúsum. Af þessu má ráða að það verður ör fólksfjölgun í hreppnum á næstu árum.

Í hreppnum er nú einsetinn grunnskóli með um 120 nemendum. Skóladagur er samfelldur. Í skólanum er einnig rekinn tónlistarskóli. Leikskóli hefur verið starfræktur í 10 ár í hreppnum.

Árið 1993 hófst bygging íþróttahúss og sundlaugar. Því verki lauk að mestu sl. vor þegar sundlaugin var tekin í notkun. Með þessu er komin fyrsta flokks aðstaða til íþróttaiðkunar og heilsubótar fyrir Kjalnesinga.

Nú er hafin bygging Hvalfjarðarganga á Kjalarnesi. Með tilkomu þeirra breytast verulega samgöngur milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og Vestur- og Norðurlands hins vegar. Þá renna atvinnusvæði beggja vegna fjarðarins saman í eitt og búast má við að þetta ýti enn undir uppbyggingu og fólksfjölgun í Kjalarneshreppi.



*Íþróttahús og sundlaug lengst til vinstri. Klébergskóli fyrir miðju og til hægri eru leikskólirnir Kátakot og Fólkvangur sem er félagsheimili og skrifstofur hreppsins. Esjan í baksýn.*

# Merkt framlag til umhverfis-, útvistar- og skipulagsmála 1984-1995

Peir aðilar sem hlotið hafa viðurkenningar SSH fyrir merkt framlög í umhverfis-,  
útvistar- og skipulagsmálum á höfuðborgarsvæðinu eru:

## 1984

- Stjórn Bláfjallafólkvangs fyrir merkt framlag til umhverfismála og mikið samstarf sveitarfélaga.

## 1985

Viðurkenning fyrir trjárækt þar sem erfiðar aðstæður eru fyrir hendi:

- Björn Þorsteinsson fyrir trjárækt vestan Kapelluhrauns.
- Hákon Bjarnason fyrir trjárækt við Hvaleyrarvatn.
- Jón Magnússon í Skuld fyrir trjárækt í Klifsholti.
- Sigurður Þorkelsson fyrir trjárækt í Garðaholti.
- Sonja Helgason fyrir trjárækt við Selvatn.

## 1986

- Vegagerð ríkisins fyrir frágang umhverfis Reykjanesbrautar.
- Ferðafélag Íslands, Útivist og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands hlutu sérstakar viðurkenningar.

## 1987

- Hafnarfjarðarbær fyrir umhverfi Reykjavíkurvegar og umhverfi Byggðasafns.

## 1988

- Reykjavíkurborg fyrir aðgerðir í hreinsun strandlengjunnar með byggingu dælu- og hreinsistöðva.

## 1989

- Mosfellsbær fyrir uppbyggingu íþrótt- og útvistarsvæðis við Varmá.

## 1990

- Reykjavíkurborg fyrir uppbyggingu og starfrækslu Húsdýragarðs í Laugardal.

## 1991

- Byggðasamlagið SORPA fyrir frágang og uppsetningu á gámostöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

## 1992

- Garðabær fyrir frágang og hönnun endurbyggingar Vífilsstaðavegar.

## 1993


- Mosfellsbær fyrir gróðursetningu aspa meðfram Vesturlandsvegi.

## 1994

- Hafnarfjarðarbær fyrir uppbyggingu, skipulag og frágang á fjölnota útvistarsvæði á Víðistaðatúni.

## 1995

- Seltjarnarnes fyrir sjóvarnargarða við Norðurströnd og umhverfi þeirra.



Úr kafla Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 1985-2005 um samgöngumál: Á höfuðborgarsvæðinu er nú að myndast nýr umferðarás, sem liggur frá norðaustri til suðvesturs, í stað núverandi umferðaræða sem liggja austur-vestur. Miklu skiptir að uppbygging þessa umferðarás, sem tengir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu saman, sé auðvelduð eins og kostur er.

## Samgöngumál

Samgöngumál höfuðborgarsvæðisins hafa jafnan verið á borði stjórnar SSH. Samvinna meðal sveitarfélaganna um samgöngumál hafði verið nokkur fyrir stofnun samtakanna en breyttist mjög og varð mun nánari eftir 1980. Að því leyti sem samgöngumálin snéru að skipulagi umferðar og uppbyggingu aðal-gatnakerfisins tengdist starfið lengst af vinnu við svæðisskipulagið.

### Vegamál

Samræming af hálfu sveitarfélaganna á vegakerfi svæðisins hófst snemma á sjöunda

áratugi aldarinnar, fyrst með óformlegu samstarfi, en síðar með því að stofnuð var samvinnunefnd um skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins árið 1965. Á því sama ári gaf nefndin út drög að svæðisskipulagi sem fylgdi greinargerð með aðalskipulagi Reykjavíkur. Voru með því lögð drög að því gatnakerfi sem höfuðborgarsvæðið býr nú að og þótti til fyrirmyndar á þeim tíma. Skipulag gatnakerfisins byggði á umfangsmikilli könnun á umferð og umferðarvenjum og útreikningum með sérstöku reiknilíkani umferðar.

Fram yfir 1980 var umferðarreiknilíkan fyrir höfuðborgarsvæðið vistað í Danmörku, en fljótlega eftir stofnun skipulagsstofunnar var gerður samningur milli Vegagerðar ríkisins,



*Við undirritun stofnsamnings Almenningsvagna bs. 2. febrúar 1990. Við borðið frá vinstri: Páll Guðjónsson, Ingimundur Sigurpálsson, Magnús Jón Árnason, Kristján Guðmundsson, Pétur Þórðarson og Sigurður Valur Ásbjarnarson. Standandi frá vinstri: Jónas Egilsson, Sólveig Ágústsdóttir, Lilja Hallgrímsdóttir, Ásgeir Sigurgestsson, Jóhann G. Bergþórsson, Guðmundur Oddsson, Helga Möller, Richard Björgvinsson, Þorsteinn Þorsteinsson og Gunnar Eydal.*

Reykjavíkurborgar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að flytja reiknilíkanið til skipulagsstofunnar og koma því í notkun þar. Voru margir möguleikar viðvíkjandi þróun stofnbrautakerfisins athugaðir og niðurstöður reiknilíkans umferðar lagðar til grundvallar við gerð svæðisskipulagsins.

Þegar svæðisskipulagsvinnunni var lokið og skipulagsstofan aflögð 1987 var reiknilíkani umferðar komið fyrir hjá umferðardeild borgarverkfræðingsins í Reykjavík. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu snéru sér aftur á móti að hinni pólitísku samræmingu

vegamála og héldu uppi umræðum um vega- og samgöngumál á svæðinu. Tvær ráðstefnur um samgöngumál hafa verið haldnar að frumkvæði SSH, sú fyrri í Hafnarfirði 1992 og sú síðari í Kópavogi 1995. Innan vébanda SSH hafa tæknimenn sveitarfélaganna haft með sér samstarf um vegasamgöngur og gáfu út sameiginlegar tillögur um vegaáætlun fyrir svæðið árin 1994-2003. Samstarf þetta um skipulag og framkvæmdir í vegamálum svæðisins heldur áfram og tengist reglubundnum fundum um skipulagsmál.

Auk þess að fást við umferðarskipulagið hafa SSH komið áþreifanlega að umferðinni með því að standa fyrir samræmingu á reglum um akstur vinnuvéla á aðalvegum svæðisins. Tillögur þar að lútandi voru unnar í samvinnu lögregluþyrvalda, umferðarnefnda sveitarfélaganna og fleiri aðila og tóku gildi í byrjun sumars árið 1992.

### **Almennings-samgöngur**

Almenningsvagnþjónusta á höfuðborgarsvæðinu var með ýmsu móti þegar SSH voru stofnuð og gæði þjónustunnar æði misjöfn eftir sveitarfélögum. Stjórn samtakanna þótti nauðsynlegt að reynt yrði að samræma þjónustuna, bæði hvað varðaði samtengingu milli strætisvagnaleiðanna og einnig hvað varðaði framboð og gæði.

Þingmenn úr öllum flokkum og úr báðum þeim kjördæmum sem SSH náði til fluttu á Alþingi 1985 þingsályktunartillögu um að samgönguráðuneytið stæði fyrir og kostaði úttekt á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að samræma almenningsflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Samgönguráðherra skipaði nefnd til að ráða fram úr þessu máli og skilaði hún síðan álit sínu á aðalfundi SSH haustið 1986.

Framhald málsins var síðan það að sveitarfélögin, sem voru utan þjónustusvæðis SVR, stofnuðu 2. febrúar 1990 byggðasamlag um almenningsflutninga innan sinna marka og til og frá Reykjavík. Byggðasamlagið, sem hlaut nafnið Almenningsvagnar bs., en er að jafnaði kallað AV, hóf rekstur á allri almenningsvagnþjónustu innan Mosfellsbæjar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps

og Hafnarfjarðar og milli þeirra og Reykjavíkur. Kjalar nes var einnig stofnaðili að AV, jafnvel þótt þar sé ekki rekin strætisvagnþjónusta undir merkjum AV.

Almenningsvagnar buðu út allan akstur strætisvagnanna og gerðu samning um aksturinn við tvö fyrirtæki, Hagvagna hf., sem sinnir akstri á leiðum sunnan Reykjavíkur og milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, og Meiriháttar hf., sem annast akstur á leiðum í Mosfellsbæ og milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Akstur samkvæmt nýju leiðakerfi hófst 15. ágúst 1992 og tók AV við öllum þeim sérleyfum sem áður höfðu gilt fram að því. Jafnframt þessu var á sama tíma komið á fót samvinnu við SVR varðandi fargjöld og tekin upp notkun á svonefndu grænu korti, en það er sameiginlegt AV og SVR.

Rekstur AV skiptist í tvo þætti, annars vegar skipulag og stjórnun undir beinum yfirráðum sveitarfélaganna og hins vegar aksturinn, sem er boðinn út á frjálsum markaði. Stjórn AV ákveður leiðakerfið, setur gæðakröfur, markar umfang og ákvarðar fargjöld og fargjaldakerfi. Fargjaldtekjur eru um það bil helmingur af rekstrargjöldum og greiða sveitarfélögin mismuninn beint, að hálfu eftir íbúafjölda og að hálfu miðað við þá vegalengd sem ekin er innan viðkomandi sveitarfélags.

Leiðakerfi AV er um 175 km langt og eru eknar næstum tvær milljónir kílómetra árlega. Farþega fjöldi árið 1994 var 1,8 milljónir. Til samanburðar þá ferðast með SVR um 7,1 milljónir farþega árlega. Endurskoðun á leiðakerfi SVR stendur nú yfir.

## Ferðamál fatlaðra

Pann 1. september 1992 tóku gildi lög um málefni fatlaðra. Í þeim lögum er kveðið á um að sveitarfélög skuli gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu. Fram að því hafði Reykjavíkurborg og nokkur önnur sveitarfélög veitt fötluðum íbúum sínum ferðaþjónustu en þó hvert með sínum hætti. Á aðalfundi SSH í nóvember sama ár var samþykkt að fela stjórninni að gera tillögur til aðildarsveitarfélaganna um fyrirkomulag á ferðaþjónustu fatlaðra og skólaakstri fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndir á vegum SSH ásamt stjórn gerðu ítarlega úttekt á ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu og varð til þess að samræmdar voru reglur sveitarfélaganna um ferðaþjónustuna, en ekki þótti ástæða til að stofna til sameiginlegs rekstrar eða byggðasamlags. Ýmislegt um reksturinn kom þó í ljós sem leiddi til breytinga.


Ekki hefur verið breytt neinu varðandi skólaakstur fatlaðra, enda stendur fyrir dyrum flutningur grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga og þar með kennsla fatlaðra skólabarna, sem hlýtur að hafa áhrif á framtíðarfyrirkomulag ferðaþjónustu fyrir þau.



## Hitaveita Reykjavíkur

Upphafsmenn jarðhitarannsókna á Íslandi voru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson er þeir boruðu þrjár holur í Laugarnesi og í Krísvík á árunum 1755-1756. Fyrst var borað eftir heitu vatni til húshitunar í Reykjavík árið 1928 og fyrsta húsið í Reykjavík sem tengt var hitaveitu var Austurbæjarskóli árið 1930. Á næstu árum voru Landspítalinn, Sundhöllin og Laugarnesskóli tengd hitaveitunni, svo og um 60 íbúðarhús við Njálsgötu, Grettisgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu. Fram til ársins 1946 sá Vatnsveita Reykjavíkur um hitaveituna, en það ár er rekstur hitaveitu og vatnsveitu aðskilinn. Kerfi Hitaveitunnar þandist stöðugt út og árið 1972 höfðu 97% Reykvíkinga húshitun með hitaveitu. Á næstu árum var síðan lögð hitaveita í nágrannasveitarfélög Reykjavíkur.

Vatn fæst úr 53 borholum í Reykjavík og Mosfellsbæ sem með vinnslusvæðinu á Nesjavöllum sjá u.þ.b. 155 þúsund íbúum í sjö sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins fyrir heitu vatni. Leiðslur Hitaveitunnar eru orðnar samtals um 1200 km langar.



# Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins

Að frumkvæði stjórnar SSH voru Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (FSH) stofnuð 13. júní 1988 og eru slík samtök starfandi nú í öllum landshlutum. Fyrsti formaður FSH var kjörinn Jóna Gróa Sigurðardóttir og var hún formaður allt fram að aðalfundi 1994 er núverandi stjórn tók við undir formennsku Péturs Rafnssonar. Stjórn samtakanna leitaðist við að ná fullri aðild að Ferðamálaráði á við önnur ferðamálasamtök. Það er ekki enn orðið að veruleika en FSH á sinn áheyrnarfulltrúa, með málfrelsi og tillögurétti í Ferðamálaráði.

Fram kemur í samþykktum stjórnarfundar FSH að meginverkefni ársins 1995 var að koma á laggirnar framkvæmdum við gerð gönguleiðarinnar frá Þingvöllum að Reykjanesvita. Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafði ákveðið að veita FSH hálf milljón króna til undirbúnings þessu verki. Þegar frumundirbúningi var lokið af hálfu stjórnar FSH var verkefnið kynnt fyrir forsvarsmönnum Bláfjallafólkvangs, Reykjanesfólkvangs, fulltrúa Reykjavíkurborgar og ferðamálafulltrúa Ferðamálasamtaka Suðurnesja. Þessir aðilar stofnuðu sérstaka umsjónarnefnd með framkvæmdum, auk þess sem Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur var hafður með í ráðum. FSH

*Atvinnumálanefnd höfuðborgarsvæðisins gekkst fyrir alþjóðlegu málþingi um svo nefnda Norðaustur siglingaleið milli Atlantshafs og Kyrrahafs norðan Síberíu. Formaður atvinnumálanefndar, Jóna Gróa Sigurðardóttir, setur málþingið sem haldið var í Reykjavík 8. október 1987.*

hefur síðan haft alla verkstjórn með höndum fyrir framkvæmdanefndina. Kortanefnd til stikunar á leiðinni á korti var stofnuð.

Fyrstu verkþættirnir sem áætlað var að framkvæma 1995 voru taldir kosta 2,5 milljónir króna en verkþættir 1996 tæpar 7.0 milljónir. Samkvæmt áætlun á verkið að taka 3-4 ár og er heildarkostnaður áætlaður 17 milljónir króna.

Unnið er nú að hugmynd um heildarupplýsingarit um höfuðborgarsvæðið fyrir ferðamenn og að heimasíðu Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins á Internetinu. Ætlunin er að koma öllum upplýsingum úr bókinni á Internetið, auk þess að á netinu verði stofnaður klúbbur höfuðborgarsvæðisins, sem mun gefa ýmsa möguleika á ritum, frétt-



## Gistinætur á hótélum og gistiheimilum 1984-1993

Fjöldi í þús.

Ár	Janúar-apríl		Maí-ágúst		September-desember		Allt árið	
	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði
1984	...	...	(241.0)*	(93.7)*	83,2	60,1	...	...
1985	84,6	65,5	268,9	115,5	95,5	73,2	449,0	254,1
1986	92,5	69,5	315,7	132,1	125,6	86,8	533,8	288,4
1987	117,8	81,6	354,0	148,9	141,3	97,8	613,2	328,3
1988	122,0	84,6	341,9	150,7	130,9	89,3	594,8	324,6
1989	115,3	79,0	366,4	163,9	122,6	81,9	604,4	324,8
1990	117,0	81,8	390,3	171,4	137,5	94,9	644,9	348,1
1991	121,2	79,4	411,3	179,0	135,7	94,5	668,3	352,9
1992	126,7	88,6	411,4	200,2	124,7	87,0	662,9	375,8
1993	125,3	88,7	394,7	186,4	141,0	101,1	661,0	376,1

\*júni-ágúst

## Gistinætur útlendinga á hótélum og gistiheimilum 1984-1993

Hlutfall % af heildarfjölda gistinátta

Ár	Janúar-apríl		Maí-ágúst		September-desember		Allt árið	
	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði	Alls	Höfuð- borgarsvæði
1984	...	...	(65.9)*	(89.0)*	47,2	58,8	...	...
1985	41,8	51,2	61,7	85,4	51,1	61,5	55,7	69,7
1986	41,9	52,8	64,0	86,8	55,1	70,0	58,1	73,5
1987	44,0	56,0	63,6	86,3	55,2	70,1	57,9	74,0
1988	43,7	55,1	63,9	87,1	54,9	68,5	57,7	73,6
1989	47,9	58,2	71,2	90,1	52,3	65,3	62,9	76,1
1990	46,5	58,1	73,9	90,8	56,2	67,8	65,1	76,8
1991	44,7	59,7	72,9	89,1	55,7	67,4	64,3	76,6
1992	47,6	60,5	74,7	90,7	55,5	68,5	65,9	78,5
1993	50,8	64,4	75,2	90,0	59,5	74,3	67,2	79,7

\*júni-ágúst

um, vildarkjörum, upplýsingum um hvert sveitarfélag o.fl. Notendur Internetsins geta gerst meðlimir í þessum klúbbi og fengið samfara því enn fleiri tilboð. Það er m.a. ætlunin að í ritinu séu upplýsingar um allt það sem fram fer í hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu auk flestra hugsanlegra upplýsinga sem ferðamaðurinn þarfnast. Ennfremur er ætlunin að bókinni tengist vildarkort og sögulegir ratleikir sem munu leiða ferðamanninn milli staða í sveitarfélögunum og milli þeirra.

Framtíðarmöguleikar Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins eru miklir eins og ferðamenskunnar yfirleitt. Ferðapjónusta er mikill vaxtarbroddur á Íslandi og ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Samtökin geta tekið á ýmsum sameiginlegum málum svæðisins sem erfið eru fyrir ferðamálanefndir hvers sveitarfélags um sig. Ferðamálasamtökin geta auðveldlega verið samnefari og samstarfsaðili allra ferðamálanefnda svæðisins og samhæft mikla krafta þeirra allra í þeim verkefnum, sem ná til svæðisins í heild.





Félagssvæði Golfklúbbsins Keilis í Hafnarfirði.

Í **Hafnarfirði** hefur jafnan verið talsverður áhugi fyrir íþróttum, sérstaklega meðal yngra fólks og fer vaxandi meðal almennings. Íþróttastarf er einkum í höndum íþróttafélaganna og hefur starf þeirra leitt til mikilla afreka jafnt innanlands sem utan. Mikill hluti starfs þessara félaga fer fram í íþróttahúsum og sundlaugum bæjarins, einnig á sérhæfðum íþróttasvæðum félaganna sem þau hafa komið sér upp með dugnaði félagsmanna og öflugum stuðningi Hafnarfjarðarbæjar. Almennigur nýtir sér þessa aðstöðu einnig mikið til íþróttar og útivistar.

Af mörgu er að taka í því sambandi, sund, golf, reiðmennska, skokk, knattleikir, íþróttir

fatlaðra o.fl. Aðsókn að íþróttamannvirkunum á síðasta ári var mjög mikil. Í íþróttahúsin komu alls 410 þúsund gestir og í sundlaugarnar komu alls um 270 þúsund. Til að nefna einhver dæmi um íþróttamannvirki sem almennigur jafnt í Hafnarfirði sem annarsstaðar á höfuðborgarsvæðinu nýtir sér ber helst að nefna **Suðurbæjarlaugina**, nýtt glæsilegt mannvirki sem tekið var í notkun 1989 og samanstendur af útisundlaug, barnalaug, sérhannaðri kennslulaug, buslpotti með bunusvepp, heitum pottum og 30m vatnsrennibraut auk útisvæðis til íþróttaiðkana. Þarna er boðið upp á margþætta þjónustu, ungbarnasund, vatnsleikfimi, nudd, ljósabekkir auk þrekaðstöðu og fundaraðstöðu Sundfélags Hafnarfjarðar.



*Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði.*

**Á Hvaleyrarholti** er 18 holu golfvöllur, auk félags- og búningaæðstöðu, sem rekinn er af **Golfklúbbnum Keili**. Á árinu 1997 verður vígður þar fullkominn keppnisvöllur og mjög góður æfingarvöllur sem munu nýtast á sjötta hundrað félagsmanna Keilis auk almennings.

**Reiðskemma Hestamannafélagsins Sörla** var tekin í notkun 1993 og er alhliða íþróttamannvirki þar sem íþróttadeild Sörla er með sína starfsemi auk þess sem íþróttahreyfingin nýtir húsið meðal annars til knattspyrnu- og tennisæfinga.

**Ásvellir er íþróttasvæði Hauka** sem félagið fékk úthlutað árið 1988. Uppbygging svæðisins er þegar hafin og er þar í dag gervigrasvöllur ásamt grasvelli til æfinga og keppni knattspyrnudeildar félagsins. Skipulag svæðisins gerir ráð fyrir íþróttahúsi og félagsaðstöðu og æfingasvæði utanhúss fyrir margs-

konar íþróttagreinar. Rekstur svæðisins er í höndum Hauka með rekstrarstyrk samkvæmt samningi við bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

**Kaplakriki er íþróttasvæði FH** sem félaginu var úthlutað 1967. Þar hefur allar götur síðan verið unnið að því að gera svæðið sem best úr garði. Í dag er þar grasæfingasvæði, malarvöllur, frjálsíþróttasvæði, þrekaðstaða og graskeppnisvöllur. Íþróttahúsið Kaplakriki er rekið af bænum, en er staðsett á svæðinu. Rekstur svæðisins er í höndum FH en nýtur rekstrarstyrks líkt og Haukar skv. samningi við bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

**Á þessari upptalningu sést að í Hafnarfirði er margskonar íþrótt- og útivistaradstaða sem þjónar íbúum höfuðborgarsvæðisins jafnt sem Hafnfirðingum.**

**VERIÐ VELKOMIN !**

Þróun ferðamála á höfuðborgarsvæðinu hefur verið í takt við heildarþróunina á landinu. Mikil gróska hefur verið í allri ferðaþjónustu undanfarin ár; í raun farið fram úr björtustu vonum manna. Hlutur höfuðborgarsvæðisins í skiptingu gistinátta á hótelum og gistiheimilum á landinu var árið 1994 um 56%. Hlutfall

vöru og þjónustugreina í útflutningi landsins sýnir að ferðaþjónusta var um 11% árið 1994. Aukning á fjölda ferðamanna til Íslands síðasta áratug var um 7% að meðaltali á ári. Gert er ráð fyrir að meðaltalsaukning á komu ferðamanna til landsins verði um 6% á ári til ársins 2010.

## Útgáfa á vegum samtakanna

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa á tuttugu ára ferli sínum staðið fyrir umfangsmikilli útgáfustarfsemi. Alls hafa yfir 60 rit komið út á vegum samtakanna. Skál hér getið nokkurra þeirra rita sem gefin hafa verið út af SSH.

*Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins, tímarit 3-4 sinnum á ári 1981-1987, alls 21 blað.*

*Fréttabréf SSH, 1991-1994, alls 4 blöð.*

*Sérít skipulagsstofu SSH, um ýmis mál 1981-1987, alls 17 rit.*

*Ráðstefnurit, 1981-1996, alls 7 rit.*


*Ýmsar skýrslur SSH, 1981-1996, 8 skýrslur.*

*Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 1985-2005, 1986.*

*Kynningarbæklingur á ensku, leiðakort almenningsvagna, gönguleiðakort o.fl.*

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ráðstefna  
um  
atvinnumál  
á  
höfuðborgarsvæðinu



haldin að  
Hótel Borg  
23. maí 1989

Forsíða rits um atvinnumálaráðstefnu 1989.

## Starfsemi SSH um þessar mundir

Við endurskoðun á starfsemi samtakanna sl. vetur var sú stefna mótuð að skapa sameiginlegan vettvang sveitarstjórnarmanna og embættismanna með því að tengja saman starfsemi sveitarfélaganna sjálfra, frekar en að auka við umfang starfseminnar á vegum samtakanna. Markmið þessa samstarfs er að gefa fulltrúum sveitarfélaganna kost á að hittast og skiptast á skoðunum og hugmyndum. Komist þeir að sameiginlegri niðurstöðu geta þeir beint erindi sínu til stjórnar SSH og/eða tekið það til meðferðar hver í sínu sveitarfélagi.

Fyrstir til að hefja þetta samstarf voru formenn heilbrigðisnefnda haustið 1991. Árið 1993 bættust við formenn skipulagsnefnda, en þeir hittast reglulega með sínum helstu embættismönnum og skiptast á skoðunum og upplýsingum. Á vegum formanna skipulagsnefndanna starfa fjórir vinnuhópar sem skipaðir voru til sinna skipulagsvinnu sem einungis verður leyst á svæðisbundna vísu. Þessir hópar fjalla um samgöngur, frárennismál, umhverfismál og vatnsverndarmál. Starfi þessara vinnuhópa er stýrt af sérstakri samráðsnefnd. Vinnuhópur um umhverfismál hefur skilað tillögum til sveitarfélaganna um skipulag uppgræðslu lands fyrir ofan byggð, hinn svokallaða *Græna trefil*.

## Listasafn Kópavogs

Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn var opnað í aprílmánuði 1994 og hefur þegar látið mikið að sér kveða í íslensku menningarlífi. Safninu var valinn staður í jaðri Borgarholtsins austanvert við Kópavogskirkju sem stendur á því miðju. Holtið er fyrrum sjávarbotn þakið stórgrýti sem er sorfið af jökulristum síðustu ísaldar. Benjamín Magnússon arkitekt teiknaði húsið en það þykir bæði vel heppnað og fallett. Safnbyggingin er 1260 m<sup>2</sup> að flatarmáli á tveimur hæðum. Á efri hæð er anddyri og tveir sýningarsalir; á neðri hæð fjölnotasalur, málverkageymsla, kaffistofa og fleira.

Skipuleg söfnun listaverka í Kópavogi á sér alllanga sögu. Á tíu ára afmæli bæjarins 1965 var samþykkt að stofna Lista- og menningarsjóð og verja til hans árlega hálfu prósentu af útsvarstekjum bæjarins. Mun þetta vera fyrsti menningarsjóður sem fékk til ráðstöfunar ákveðið hlutfall af útsvarstekjum bæjar hér á landi og óhætt að fullyrða að þetta framtak hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Hlutverk sjóðsins skyldi vera að efla og styrkja hvers konar lista- og menningarstarfsemi í Kópavogi og tekjum hans skyldi meðal annars varið til kaupa á listaverkum. Á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá því að Lista- og menningarráð var stofnað hefur það keypt um fjögur hundruð listaverk, nær eingöngu eftir íslenska listamenn.



Vinnuhópur um vatnsverndarmál hefur gert tillögur um endurskoðun á vatnsverndar-svæðum höfuðborgarsvæðisins. Þessar tillögur eru nú í athugun hjá sveitarfélögunum.

Eins og áður hefur komið fram hafa formenn heilbrigðisnefnda einnig hist á vegum SSH og borið saman bækur sínar og skipst á skoðunum. Að mati formanna þeirra hefur samstarf og samvinna af þessu tagi ótvírætt gildi. Nú hafa formenn umhverfismálanefnda og atvinnumálanefnda bæst í hóp þeirra sem hittast á vegum samtakanna.

Á aðalfundi samtakanna þann 7. október árið 1995 var samþykkt að skipa nefnd með aðild allra sveitarfélaganna sem skyldi gera tillögur um samstarf þeirra í málefnum grunnskól-

ans. Nefndin skilaði áfangaskýrslu í janúar og gekkst fyrir ráðstefnu um samstarfsmögu-leika sveitarfélaganna 17. febrúar 1996.

Meginmarkmið með störfum nefndarinnar er að skapa grundvöll fyrir bættum grunnskóla á svæðinu með samstarfi sveitarfélaganna. Meðal málefna sem rædd hafa verið eru nýbúafræðsla, sérskólar, safna- og kennslu-gagnamiðstöð og skólaþróun og nýbreytni.

Liður í markmiðum samtakanna er að efla samstarf sveitarstjórnar- og embættismanna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og stefnt er að því að efna til samstarfs fleiri nefndarformanna sveitarfélaga svipað því sem hér hefur verið lýst.



*Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í 20 ár*

© Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, 1996.

Hönnun og umbrot: Mál og mynd sf.  
Prentun: Steindórsprent – Gutenberg hf.

Allur réttur áskilinn.  
Óheimilt er að nota efni úr riti þessu  
á einn eða annan hátt, án heimildar útgefanda.